



Reykjanesbær
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Svar vegna bókunar bæjarráðs Reykjanesbæjar

Landsbyggðarstrætó – breytingar á leiðakerfum

Þann 15 október sl. barst Vegagerðinni bókun frá bæjarráði Reykjanesbæjar sem hafði verið staðfest af ráðinu 7. október. Þar segir að bæjarráð telji það óásættanlegt að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram á fundi sveitarfélaga á Suðurnesjum með Vegagerðinni í aðdraganda þeirra breytinga sem Vegagerðin vinnur að á landsbyggðarvögnum. Með bókuninni skorar bæjarráðið á Vegagerðina að endurskoða fyrirbyggjandi breytingar á leið 55 og að það sé gert í samráði við sveitarfélagið.

Síða 1/4

Endurskoðun leiðakerfis landsbyggðarvagna

Vegagerðin hefur staðið fyrir endurskoðun á leiðakerfi landsbyggðarvagna síðustu misseri, eða síðan í upphafi árs 2024. Markmiðið með verkefninu er að aðlagja það að breyttum þörfum notenda, en kerfið hefur verið að mestu óbreytt í 13 ár. Aðkallandi var að undirbúa leiðakerfið fyrir orkuskipti á vögnum m.t.t. drægni orkugjafa og hleðsluinnviða í landinu. Breytingar sem ráðast þurfti í voru það umfangsmiklar að þær rúmuðust ekki innan eldri útboðssamninga. Vegna þess er endurskoðun leiðakerfisins hluti af nýjum útboðssamningum sem taka gildi frá og með 1. janúar 2026.

Við endurskoðun leiðakerfisins var stuðst við stefnu stjórnvalda um almenningssamgöngur, *Ferðumst saman – heildarstefnu ríkisins um almenningssamgöngur*, þar sem að rekstur landsbyggðarvagna er í umsjón Vegagerðarinnar samkvæmt lögum nr.120/2012. Í inngangi stefnunar segir:

„Ríki, sveitarfélög og einkafyrirtæki reka almenningssamgöngur á Íslandi með ýmsum hætti. **Stefna þessi miðast við þá aðkomu og þær leiðir sem ríkið kemur að með beinum hætti, þ.e. milli byggða. Almenningsamgöngur innan einstakra sveitarfélaga eru enda á forræði þeirra.** Í þessu skjali er tekin sú stefna að skilgreina þá samgönguþjónustu sem býður upp á reglubundna farþegaflutninga á ákveðinni leið eftir fyrirfram birtri áætlun að lágmarki 9 mánuði á ári og séu samfélagslega mikilvægir fyrir byggðir landsins, sem almenningssamgöngur.“

Samkvæmt stefnu stjórnvalda telst akstur innan Reykjanesbæjar sem innanbæjarakstur. Vegna þessa tók Vegagerðin ákvörðun um að fækka stoppistöðvum innan sveitarfélagsins Reykjanesbæjar úr átta í tvær: Miðstöð og Tjarnarhverfi.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Stoppistöðin Miðstöð, sem telst vera skiptistöð/jöfnunarstöð, er safnstöð þar sem bæði innanbæjarvagnar Reykjanesbæjar og landsbyggðarvagnar mætast og farþegar geta skipt um vagna á öruggan máta. Stoppistöðin Tjarnahverfi er áfram í tímatöflu þar sem að gott aðgengi er að henni fyrir vagna á leið 55 en stoppistöðin stendur við hringtorg við Njarðvíkurafleggjara hjá Reykjanesbraut.

Til að mæta breytingum Vegagerðarinnar á fækkun stoppistöðva innan Reykjanesbæjar, er tímatafla leiðar 55 stillt upp í samræmi, á sem besta mögulega vegu, við tímatöflu innanbæjarvagna Reykjanesbæjar. Þær ferðir leiðar 55 sem stemma við tímatöflu innanbæjarvagna Reykjanesbæjar eru ferðir á virkum dögum um morguninn, miðjan dag, síðdegi og fyrri hluta kvölds. Þær ferðir sem stemma ekki er fyrsta morgunferð leiðar 55 frá Miðstöð til Reykjavíkur, og kvöldferðir. Ástæða þess að þær ferðir stemma ekki er að innanbæjarvagnar Reykjanesbæjar byrja að ganga kl. 07:00 en fyrsta ferð leiðar 55 frá Miðstöð Reykjanesbæ er kl. 06:38. Á kvöldin ganga innanbæjarvagnar Reykjanesbæjar á klukkustundarfresti í stað 30 mínútna fresti eins og fyrr um daginn. Vagnar á leið 55 eru u.þ.b. 1 klukkustund og 20 mínútur að aka fram og til baka, Miðstöð – Fjörður, á meðan ein hringferð innanbæjarvagna í Reykjanesbæ er innan við eina klukkustund.

Eitt af markmiðum Vegagerðarinnar með breytingum á leiðakerfi landsbyggðarvagna er að tengjast innanbæjarkerfum sveitarfélaga. Leið 55 tengir því saman leiðakerfi Reykjanesbæjar við leiðakerfi höfuðborgarvagna (Strætó bs.) og er tenging leiðar 55 við höfuðborgarvagna í dag nú þegar góð. Leið 55 tengist leið 1 í Firði sem ekur á annatíma á 7 mínútna fresti og 15 mínútna fresti utan annatíma. Leið 55 tengist einnig leiðum 6 og 3 á Miklubraut og aka þeir vagnar á 10 mínútna fresti á annatíma. Aðrar hverfisleiðir sem leið 55 tengist á höfuðborgarsvæðinu aka almennt á 15 mínútna fresti á annatíma.

Bókun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar

Samkvæmt bókun bæjarstjórnar Reykjanesbæjar fengu bæjarfulltrúar þær útskýringar að nauðsynlegt væri að fækka stoppistöðvum innan Reykjanesbæjar þar sem illa gangi að halda tímaáætlun í akstri sökum þungrar umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin vill koma á framfæri leiðréttingu hvað það varðar. Fækkun stoppistöðva á leið 55 í Reykjanesbæ er gerð í samræmi við stefnu stjórnvalda um að landsbyggðarvagnar eigi að sinna akstri milli sveitarfélaga og að sveitarfélög sjái um innanbæjarakstur. Með þá stefnu að leiðarljósi réðst Vegagerðin í breytingar sem miðuðu að því að bæta skilvirkni og áreiðanleika leiðakerfis landsbyggðarvagna. Núverandi akstur leiðar 55 innan Reykjanesbæjar flokkast sem innanbæjarakstur og því var farin sú vegferð að endurhanna leiðina sem hraðleið milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins. Hluti þeirrar niðurstöðu var að fækka stoppistöðvum innan Reykjanesbæjar. Hvað varðar umferðarpunga á höfuðborgarsvæðinu þá hefur það áhrif á framboð ferða að BSÍ en ekki fjölda stoppistöðva í Reykjanesbæ. Fjöldi ferða sem eru með BSÍ sem endastöð á leið 55 mun

fækka úr 8 niður í 5 á virkum dögum frá og með 1. janúar 2026. Í þeim ferðum sem ekki er ekið að BSÍ er endastöð vagna á höfuðborgarsvæðinu í Firði Hafnarfirði. Ástæða þess er lengri ferðatími innan höfuðborgarsvæðisins vegna umferðarþunga.

Samráð Vegagerðarinnar

Vegagerðin áréttar að þær athugasemdir sem bárust frá Reykjanesbæ á samráðsfundi Vegagerðarinnar með sveitarfélaginu þann 24. maí 2024 og kynningarfundum 24. janúar 2025, voru bókaðar og færðar í fundagerðir. Þar spurði Vegagerðin hvort Reykjanesbær teldi það mikilvægt að hafa áfram ferðir á leið 55 milli Fjarðar og BSÍ. Sökum umferðarþunga á höfuðborgarsvæðinu orsakar sá akstur að færri ferðir verða í boði milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins en ella. Reykjanesbær óskaði eftir að áfram yrði ekið milli Fjarðar og BSÍ. Vegagerðin varð við því. Á kynningarfundum kom fram að Reykjanesbær óskaði eftir að Vegagerðin myndi endurskoða ákvörðunina um að hætta akstri inn að Ásbrú; að fækkun stoppistöðva væri skerðing á þjónustu; og ítrekað að Vegagerðin legði áherslu á að eiga gott samtal við sveitarfélagið um framhaldið. Vegagerðin bókaði og skoðaði fyrrgreindar athugasemdir en niðurstaða máls var að fækka stoppistöðvum. Niðurstaðan hafði stefnu stjórnvalda í almenningssamgöngum að leiðarljósi sem og að bæta skilvirkni og áreiðanleika leiðakerfis landsbyggðarvagna. Vegagerðin leggur áherslu á, eins fram kemur í fundagerð frá kynningarfundum 24. janúar 2025, að komið verði á samstarfi við sveitarfélög um áframhaldandi þróun á leiðakerfinu. Hluti af slíku samstarfi er að samræma tímaáætlun landsbyggðar- og innanbæjarvagna. Vegna þessa leitaði Vegagerðin til Reykjanesbæjar, til að hefja samstarf um að tengja innanbæjarvagna sveitarfélagsins við leið 55.

Síða 3/4

Samantekt

Vegagerðin

- Fylgt er stefnu stjórnvalda þar sem fram kemur að almenningssamgöngur innan einstakra sveitarfélaga eru á forræði þeirra.
- Núverandi aksturfyrirkomulag á leið 55 telst vera innanbæjarakstur.
- Hlutverk landsbyggðavagna er að aka á milli byggða.
- Stoppistöðvum innan Reykjanesbæjar verður fækkað úr átta í tvær.
- Skilvirkni og áreiðanleiki landsbyggðavagna eru aukin.
- Tímatafla leiðar 55 er stillt af eins og kostur er við leiðakerfi innanbæjarvagna Reykjanesbæjar.
- Góðar tengingar eru við leiðakerfi höfuðborgarsvæðisins.
- Fjöldi ferða á leið 55 þar sem ekið er að BSÍ fækkar úr átta í fimm á virkum dögum.
- Fjöldi ferða á leið 55 helst óbreyttur.

10. Heildarávinningur breytinganna að mati Vegagerðarinnar er bætt tenging milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins og áreiðanlegri almenningssamgöngur innan atvinnu- og skólasóknarsvæðis á Suðurnesjum
11. Nauðsynlegt er að Vegagerðin og sveitarfélagið Reykjanesbær eigi gott samstarf um framtíðarþróun kerfisins.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Bergþóra Þorkelsdóttir